

## GERÐ ENDAÖRYGGISSVÆÐIS VIÐ NORÐURENDA AKUREYRARFLUGVALLAR

### Ákvörðun um matsskyldu

#### NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að gerð endaöryggissvæðis við norðurenda Akureyrarflugvallar sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrir liggur að fyrirhugaðar framkvæmdir munu raska leirum sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd en leirurnar við óshólma Eyjafjarðarár eru mikilvægt fæðuöflunarsvæði fyrir fugla auk þess að vera mikilvægir viðkomustaðir ýmissa fuglategunda. Ljóst er að um varanlega skerðingu er að ræða á leirunum hvað varðar nýja landfyllingu við enda núverandi flugbrautar og fyllingu fyrir stefnuvita við Leiruveg en tímabundið rask verður á framkvæmdatíma vegna lagningar aðkomuvegar. Skipulagsstofnun tekur undir það álit Umhverfisstofnunar að þar sem sífellt er gengið á leirusvæði hafi svæði sem eftir eru óröskuð meira verndargildi. Skipulagsstofnun telur að í ljósi umfangs fyrirhugaðra framkvæmda munu áhrif þeirra á verndarsvæði ekki verða verulega neikvæð. Óhjákvæmilega munu framkvæmdir hafa nokkur neikvæð áhrif á leirusvæðin og þar með á fuglalíf, m.a. vegna þess að framkvæmdir eru fyrirhugaðar að vori til eða fyrri hluta sumars. Skipulagsstofnun telur að til að draga úr þessum neikvæðu áhrifum væri eðlilegt að framkvæmdum væri haldið innan tímabilsins september til mars eins og Umhverfisstofnun bendir á. Stofnunin leggur áherslu á að í sama tilgangi verði öll ummerki um aðkomuveg fjarlægð eins og framkvæmdaraðili fyrirhugar.

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru í samræmi við Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018 og eru háðar framkvæmdaleyfi Akureyrarkaupstaðar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir starfsemi sem getur haft í för með sér mengun. Leita þarf umsagnar Umhverfisstofnunar skv. 37. og 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd áður en framkvæmdaleyfi er veitt.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Flugstoðir og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 12. febrúar 2008.

7. janúar 2008

## INNGANGUR

Þann 15. nóvember 2007 tilkynnti Verkfræðistofa Norðurlands f.h. Flugstoða gerð endaöryggissvæðis við norðurenda Akureyrarflugvallar til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Akureyrarkaupstaðar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Landbúnaðarstofnunar-veiðimálastjórnar, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

Umsagnir bárust frá Akureyrarkaupstað með bréfi dags, 12. desember 2007, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 29. nóvember 2007, Landbúnaðarstofnun-veiðimálastjórn með bréfi dags. 23. nóvember 2007, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 21. desember 2007 og Vegagerðinni með bréfi dags. 21. nóvember 2007. Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupósti dags. 29. nóvember og 20. desember 2007 og með bréfi dags. 3. janúar 2008.

## FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

### Fyrirhuguð framkvæmd

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að Akureyrarflugvöllur sé í vesturjaðri óshólma Eyjafjarðarár að hluta til á Langhólma og að hluta til á landfyllingum norður af honum, út á Leiruna. Við byggingu vallarins hafi vestustu kvísl Eyjafjarðarár verið veitt norður með flugvellinum að austanverðu. Vestan flugvallar liggja Eyjafjarðarbraut og norðan hans Leiruvegur á landfyllingu. Leirusvæði aðskilji flugvöllinn frá þessum vegum og er það undir sjávaryfirborði á flóði, en kemur að miklu leyti upp úr á fjöru.

Fram kemur að fyrirhuguð framkvæmd geri ráð fyrir um 90 m lengingu núverandi landfyllingar við norðurenda flugbrautarinnar. Núverandi landfylling sé um 150 m breið, en fyrirhuguð landfylling verði um 90 m breið auk fláa. Einnig verði gerð rúmlega 30 m breið fylling undir stefnuvita sem muni ná um 35 m til suðurs frá Leiruvegi auk þess sem lagður verði um 180 m langur vegur fyrir efnisflutninga frá Leiruvegi að vinnusvæðinu sem verði fjarlægður að framkvæmdum loknum. Fram kemur að samhliða gerð landfyllingar verði skipt um jarðveg á 60 m löngu og 45 m breiðu svæði á enda núverandi landfyllingar. Efni úr jarðvegsskiptum verði notað í neðstu lög nýrrar landfyllingar en samtals verði aðflutt efni í fyllingar og burðarlög um 15.000 m<sup>3</sup> sem tekið verði úr opnum námum í nágrenni svæðisins en ekki verði aflað efnis til framkvæmda af leirusvæðinu umhverfis flugvöllinn. Samkvæmt aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga eru m.a. eftirfarandi námur í nágrenni framkvæmdasvæðisins :

#### Í Eyjafjarðarsveit:

- Í landi Vagla
- Í landi Stokkahlaða
- Í landi Gilsár
- Í landi Víðiness
- Á Munkaþveráreyrum

- Á Þveráreyrum
- Í Landi Ytri-Hóls
- **Á Akureyri:**
- Grjótnáma við Krossanes
- Efnisnámur á Glerárdal

Fram kemur að tilgangur með gerð fyrirhugaðs endaöryggissvæðis sé að uppfylla kröfur um öryggi flugvalla.

**Sjónræn áhrif.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að sjónræn áhrif verði einhver af framkvæmdinni en gera megi ráð fyrir að hún falli vel að því manngerða umhverfi sem rammi hana inn. Fjarlægð fyllingar frá Leiruvegi sé nú um 265 m en verði um 175 m eftir framkvæmd. Fram kemur að helstu sjónræn áhrif verði á framkvæmdatíma vegna aðkomuvegar og jarðvinnu.

**Áhrif á verndarsvæði og fugla.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að að framkvæmdasvæðið sé í jaðri svæðis á náttúruminjaskrá en umfang framkvæmdarinnar sé líklega ekki þess eðlis að verndargildi svæðisins skerðist með tilkomu endaöryggissvæðisins á landfyllingunni. Fram kemur að Akureyrarflugvöllur sé á óshólmasvæði Eyjafjarðarár. Leirurnar í óshólum árinna séu mikilvægar sem fæðuöflunarsvæði fyrir vaðfugla og leirur njóti sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd og skal forðast röskun þeirra svo sem kostur er. Fram kemur að skerðing verði á leirunum við brautarendann en fyrirbyggjandi gögn bendi til þess að lífríkari hlutar leiranna skerðist ekki en verðmætasta leirusvæðið til fæðuöflunar sé líklega svæðið norðan Leiruvegar. Jafnframt muni verða tímabundin röskun á leirunum vegna aðkomuvegar, þar sem hann muni hindra sjávarföll inn fyrir veginn meðan á framkvæmdum stendur. Vegurinn verði fjarlægður að framkvæmdum loknum og muni áhrifasvæði hans líklega færast til fyrra horfs á stuttum tíma fyrir tilstilli sjávarfalla. Fram kemur að líklegt megi telja að áhrif á fuglalíf verði minniháttar og tímabundin. Út frá fyrirbyggjandi gögnum megi ráða að varpsvæði séu út með jöðrum flugbrautarinnar en ekki við brautarendann. Einnig virðist sem að beint rask á varplendi við framkvæmdir á öryggissvæðum flugvallarins á árunum 1988-1989 hafi einungis haft tímabundin áhrif á varpstaði og að varp hafi þéttst annars staðar innan flugvallarsvæðisins eða á óshólmasvæðinu meðan á framkvæmdum hafi staðið.

**Samfélagsleg og hagræn áhrif.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að gerð endaöryggissvæðisins sé liður í áframhaldandi uppbyggingu vallarins en sé nauðsynleg framkvæmd hvort sem af lengingu verði eða ekki, Gerð endaöryggissvæðisins sé því sem slík ekki forsenda fyrir aukningu á millilandaflugi um Akureyrarflugvöll en auki hins vega rekstraröryggi vallarins og líkur á óhöppum, s.s. útafakstri véla, minnka.

**Samræmi við skipulagsáætlanir.** Fram kemur að fyrirhugaðar framkvæmdir séu mun umfangsminni en gert sé ráð fyrir í Aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 og falli innan ramma deiliskipulags. Helstu breytingar frá skipulaginu séu þær að ekki sé gert ráð fyrir efnistöku úr Leirunum eins og skipulagið geri ráð fyrir. og þá séu fyrirhugaðar landfyllingar aðeins 90 m breiðar í stað 300 m sem gert hafi verið ráð fyrir á deiliskipulagi.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

**Almennt.** Í umsögnum Akureyrarkaupstaðar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Lanbúnaðarstofnunar-veiðimálastjórnar og Vegagerðarinnar kemur fram það álit að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Vegagerðin bendir á að hafa þurfi samráð við Vegagerðina varðandi nánari útfærslu á tengingu slóða við Leiruveg áður en framkvæmdir hefjast.

Umhverfisstofnun telur með hliðsjón af umfangi framkvæmdanna að ekki séu líkur á að framkvæmdin ein og sér muni hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif en þó verði ekki horft fram hjá því að ef sammögnunaráhrif með öðrum framkvæmdum á svæðinu eru skoðuð verða áhrifin mun meiri.

**Áhrif á verndarsvæði og fugla.** Umhverfisstofnun bendir á í umsögn sinni að Óshólmar Eyjafjarðarar ásamt fjörum og flæðimýrum beggja vegna árinna suður á móts við suðurodda Suðureyjar eru á náttúruinjuráskrá, m.a. vegna mikils fuglalífs og sérstæðs gróðurfars. Hólmarnir eru einnig á skrá alþjóða fuglaverndarsamtakanna (Bird Life International) yfir alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði (Important Bird Areas). Forsendur þess að svæðið er sett á þann lista eru þær að um er að ræða svæði þar sem talið er að dvelji yfir 1% af stofni votlendisfugla, þ.e. jaðrakans (*Limosa limosa*), sem nýtir svæðið sem áningarstað.

Í umsögninni kemur fram að þó að framkvæmdir við norðurenda flugvallarins raski ekki óshólmunum sjálfum muni þær raska leirum sem falli undir 37. gr. laga nr. nr. 44/1999 um náttúruvernd en samkvæmt þeirri grein njóti leirur sérstakrar verndar og skuli forðast röskun þeirra eins og kostur er. Leirur séu mikilvægt fæðuöflunarsvæði fyrir fugla auk þess að vera mikilvægir viðkomustaðir ýmissa fuglategunda, einkum vaðfugla, andfugla og máfa, en á undanförunum árum hefur sífellt gengið á slík svæði vegna ýmissa framkvæmda, s.s. landfyllinga. Þau svæði sem eftir eru óröskuð hafa því sífellt meira verndargildi. Fram kemur að rannsóknir á svæðinu bendi til að leiran fyrir botni Eyjafjarðar sé um 2,73 km<sup>2</sup> eða um 70% af leirum Norðurlands og að röskun fæðusvæða Leirunnar geti haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir þá varpfugla í óshólmunum sem sæki þangað fæðu sína, t.d. stelk og jaðrakan. Friðun varpsvæða í óshólmunum gæti því verið í uppnámi ef fæðusvæði fuglanna verði skert. Umhverfisstofnun telur að í ljósi þess að mismunandi hlutar leirunnar geti haft mismikið gildi eftir tegundum fugla, skv. rannsókninni, hefði verið æskilegt að meta gildi leirunnar umhverfis núverandi flugbraut sérstaklega.

Umhverfisstofnun telur að miðað við umfang framkvæmdanna muni þær ekki hafa umtalsverð áhrif á fuglalíf á flugvallarsvæðinu sjálfu, svo fremi að staðið verði þannig að framkvæmdum að þær hafi sem minnst rask í för með sér og tryggt verði að vegslóði verði fjarðlægður, auk þess sem hugað verði að tímasetningu framkvæmda til að halda áhrifum á fuglalíf í lágmarki. Gera megi ráð fyrir að framkvæmdirnar muni trufla fuglalíf minnst ef þær fari fram á tímabilinu september til mars.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að ráðast þurfi í fyrirhugaðar framkvæmdir á tímabilinu apríl til 15. júní 2008 og sé sú tímasetning bundin vegna tengingar verksins við nauðsynlegt viðhald á yfirborði núverandi flugbrautar. Fyrir liggur að ekki er varpsvæði fugla á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði við enda flugbrautar.

**Áhrif á gróður og votlendisgerðir á grunnsævi.** Umhverfisstofnun bendir á að í skv. Ramsarsamningnum eru votlendissvæði skilgreind mjög víðtækt og ná m.a. yfir sjó þar sem dýpi er innan við sex metra, þ.e. grunnsævi. Ætla megi að erfitt sé um vik við endurheimt grunnsævis af þessari gerð en slíkt hlýtur að kalla á enn íhaldssamari stefnu hvað varðar rask á votlendisgerðum á grunnsævi vegna framkvæmda.

**Sammögnunaráhrif.** Umhverfisstofnun vekur athygli á að í tilkynningu framkvæmdaraðila er ekki fjallað sérstaklega um sammögnunaráhrif með öðrum framkvæmdum sem þegar hafa verið leyfðar, þ.m.t. efnistöku á leirunum.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að Flugstoðir telji að umfang framkvæmdarinnar gefi ekki tilefni til að farið verði í ítarlega skoðun á heildaráhrifum framkvæmda á óshólmasvæðum við botn Eyjafjarðar. Landfylling vegna framkvæmdarinnar við enda flugbrautarinnar sé einungis um einn hektari á svæði sem raskað hafi verið og breytt á undanförunum árum.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða gerð öryggissvæðis við norðurenda flugbrautar á Akureyrarflugvelli sem felur í sér lengingu núverandi landfyllingar um 90 m, 30x35 m landfyllingu undir stefnuvita suður frá Leiruvegi og gerð bráðabirgðaaðkomuvegar. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13 a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Fyrir liggur að fyrirhugaðar framkvæmdir eru í jaðri óshólmasvæðis Eyjafjarðarar sem er á náttúruminjaskrá og jafnframt á skrá alþjóðafuglaverndarsamtakanna (Bird Life International) yfir alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði. Framkvæmdirnar munu raska leirum sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd en leirurnar við óshólma Eyjafjarðarar eru mikilvægt fæðuöflunarsvæði fyrir fugla auk þess að vera mikilvægir viðkomustaðir ýmissa fuglategunda. Ljóst er að um varanlega skerðingu er að ræða á leirunum hvað varðar nýja landfyllingu við enda núverandi flugbrautar og fyllingu fyrir stefnuvita við Leiruveg en tímabundið rask verður á framkvæmdatíma vegna lagningar aðkomuvegar. Skipulagsstofnun tekur undir það álit Umhverfisstofnunar að þar sem sífellt er gengið á leirusvæði hafi svæði sem eftir eru öröskuð meira verndargildi. Skipulagsstofnun telur að í ljósi umfangs fyrirhugaðra framkvæmda muni áhrif þeirra á verndarsvæði ekki verða verulega neikvæð. Óhjákvæmilega munu framkvæmdir hafa nokkur neikvæð áhrif á leirusvæðin og þar með á fuglalíf, m.a. vegna þess að framkvæmdir eru fyrirhugaðar að vori til eða fyrri hluta sumars. Skipulagsstofnun telur að til að draga úr þessum neikvæðu áhrifum væri eðlilegt að framkvæmdum væri haldið innan tímabilsins september til mars eins og Umhverfisstofnun bendir á. Stofnunin leggur áherslu á að í sama tilgangi verði öll ummerki um aðkomuveg fjarlægð eins og framkvæmdaraðili fyrirhugar.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Flugstoða við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð framkvæmdaraðila vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að gerð endaöryggissvæðis við norðurenda Akureyrarflugvallar sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

---

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru í samræmi við Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018 og eru háðar framkvæmdaleyfi Akureyrarkaupstaðar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir starfsemi sem getur haft í för með sér mengun. Leita þarf umsagnar Umhverfisstofnunar skv. 37. og 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd áður en framkvæmdaleyfi er veitt.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að framkvæmdaraðili og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 12. febrúar 2008.

Þóroddur F. Þóroddsson

Jakob Gunnarsson